

Reykjavík 12.10.2023


Varðar: Öldugata 34 – (fsp)

Skoðuð er fyrirspurn Einaris B. Sigurbergssonar, dags. 28.08.2023, um hvort byggja megi ofan á þak bílskúrs og stækka þar með íbúð á 1. hæð í íbúðarhúsi.

Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á íbúðasvæði (ÍB1)

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina en lóðin er innan hverfisverndarsvæðis Hringbrautar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd af lóð

Umsögn:

Bílskúr og þaksvalir standa á lóðamörkum til norðurs að fjölbýlishúsalóð nr. 37 við Bárugötu. Handrið þaksvala er heilsteypt og eins og eftirfarandi myndir bera með sér mynda þær, ásamt bílskúr, nokkuð háan vegg séð frá garði norðan megin. Hækkun veggjar á lóðamörkum myndi hafa áhrif á birtuskilyrði í garði og að einhverju leyti einnig íbúðum fjölbýlishúss sem þegar er nokkuð skuggsæll.



Niðurstaða:

Neikvætt er tekið í fyrirspurn sökum skerðingu á dagsbirtu sem breyting gæti haft í för með sér í garði og í íbúðum á lóð norðan megin við hús.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnisstjóri